

8. gr.

Við upptalningu í viðauka með lögnum bætist nýr töluliður sem verður 3. tölul. og orðast svo: Öldugata í Hafnarfirði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.**Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Markús Sigurbjörnsson.**

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,
með síðari breytingum (hollustuháttaráð).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Orðin „og hollustuháttaráðs“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla brott orðin „og hollustuháttaráðs“ í 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.**Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Markús Sigurbjörnsson.**

Sigríður A. Þórðardóttir.